

AUGLÝSING
um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir
Minningarsjóð Guðfreðs Hjörvars Jóhannessonar, nr. 224/2018.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

3. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Markmið stofnunarinnar er að styrkja unga efnilega nemendur við Söngskólann í Reykjavík. Stjórn skólans ákveður árlegan fjölda styrkþega úr hópi nemenda, sem skulu þó aldrei vera fleiri en fjórir, og skal heildarfjárhæð styrkja úr sjóðnum hverju sinni vera samkvæmt ákvörðun stjórnar. Styrkir skulu afhentir við árleg slit söngskólans.

5. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Stofnfé stofnunarinnar er andvirði fasteignarinnar að Möðrufelli 1, Reykjavík, fasteignanr. 205-2760, sem lagt er fram af stofnanda, sbr. 4. gr.

Stofnfé er skerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnandi hefur engin sérréttindi í stofnuninni.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðfreðs Hjörvars Jóhannessonar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 23. mars 2021,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.